

GRUNNMYND EFRÍ HÆÐ
Mkv 1:100

BYGGINGARLÝSING:

Hér er um að ræða breytingar og viðbyggingu við SKEIDALAUÐ í Brautarholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Samkvæmt fasteignaskrá er Skeiðalaug byggð 1972, búningsklefar 322.4 m² (Mhl 08) og sundlaug 371.6 m² (Mhl 09).

Breytingar felast í því að komið er fyrir nýjum setlaugum á efra palli útsvæðis og í heilsulind er komið fyrir kaldri setlaug, innrauðum hitaklefa og eimbaði. Byggt er yfir útsvæði sunnan við mannvirkid þar sem starfræktur verður íþróttasalur sem nýtir búningsaðstöðu á neðri hæð og aðkomu að útsvæði um stigatum.

Matshluti	08 og 09 (veður 09)
Landeignarnúmer	L166445
Staðgreinir lóðar	8720-2-00027001
Stærð lóðar	71368.6 m ²
Fasteignanúmer	F2257846

Eftir breytingar og viðbyggingu (sjá nánar í skráningartöflu):

0101 Skeiðalaug - efri hæð	262.7 m ²
0102 Útsvæði	393.4 m ²
0001 Lagnakjallari	188.5 m ²
0002 Búningsklefar - neðri hæð	109.0 m ²
0003 Íþróttasalur	265.2 m ²

Samtals: 823.4 m²
Þar af stækkun 276.2 m²

Núverandi deiliskipulag svæðisins var staðfest í október 2011. Samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélagsins er um að ræða svæði fyrir samfélagsþjónustu.

Hönnuður Skeiðalaugar er Jes Einar Þorsteinsson arkitekt og liggja fyrir uppdráttir hans. Uppdráttir núverandi mannvirkis hér byggja á þessum uppdráttum auk þess sem minni háttar breytingar sem gerðar hafa verið í gegn um tíðina eru færðar inn.

Aðkoma að svæðinu er af Skeiða- og Hrunamannavegi (30). Bílastæði við mannvirkid eru sameiginleg félagsheimili og leikskóla. Iðkendur íþróttar í sal leggja bílum á bílastæði vestan við sundlauginna. Aðkoma að mannvirkinu er samkvæmt algildri hönnun.

Í núverandi mannvirki - fyrir breytingar - er aðgengi hreyfihamlaðra að búningsklefum og sundlaug afar takmarkað. Við hönnun breytinga hefur algild hönnun verið höfð að leiðarljósi þar sem því verður við komið. Bætt er við aðstöðu fyrir hreyfihamlaða, búningsklefa og salerni á báðum hæðum. Aðkoma að búningsklefa á efri hæð er um bakingsgang þar sem ekki er fært úr anddyri vegna þrængsla og hæðarmunar á gólfum. Aðkoma að nýjum setlaugum á efri palli útsvæðis verður með hjólastólalýftu. Ekki er unnt að koma fyrir aðgengi fyrir alla á milli hæða. Frávik frá kröfum um aðgengi sem ekki er unnt að uppfylla eru samkvæmt heimild í grein 6.1.5 í byggingareglugerð.

Íþróttasalur - viðbygging

Byggt er yfir útsvæði sunnan við mannvirkid. Fyrir eru steyptr skjólveggir, steyptr botnplata og tröppupallar. Komið verður fyrir léttbygðu anddyri sem móttöku fyrir iðkendur. Núverandi búningsklefar á neðri hæð og hringstigi upp á útsvæði nýtist sem tenging við starfsemi sundlaugarinnar.

Núverandi undirstöður og gólfplata verða styrkt. Yfirbygging íþróttasals verður úr límitré. Þak og suðurveggur verða klædd með steinullarfylltum samlokueiningum. Þakeiningar-þykkt 167 mm, veggjeiningar þykkt-105 mm. Utanhúsklæðning veggja verður standandi timburklæðning í gráskala.

Innan á loft og útveggj verða settar hljóðdempandi hljóðisogspötur til þess að koma í veg fyrir að hljóð sem tengjast iðkun berist um nágrennið. Gler í gluggum verður að sama skapi með hávaðavörn og ógegnsæri filmu.

Vélræn loftræsting verður í rýminu sem jafnframt verður varmagjafi til upphitunar með hitaveitu.

Viðbygging á efri hæð

Komið verður fyrir búningsklefa og aðstöðu fyrir hreyfihamlaða með aðgengi um bakingsgang. Viðbyggingin verður steyptr upp, veggir einangraðir að innan og þakplata ofan frá. Útlit verður í samræmi við núverandi hús.

BRUNAVARNIR:

Brunavarnir mannvirkisins verða í samræmi við ákvæði byggingareglugerðar 112/2012. Mannvirkid fellur í notkunarflokk 2. Efri hæð ásamt geymslu í kjallara er eitt brunahólf. Lagnagangur í kjallara er annað brunahólf. Íþróttasalur og búningsklefar á neðri hæð eru þriðja brunahólf. Tenging efri og neðri hæðar er einungis um lagnagang. Önnur tenging á milli hæða er um útsvæði.

Lagnagangurinn er hólfður frá öðrum rýmum með steypum veggjum með brunamótstöðu minnst REI60. Hurðar í brunahólfandi veggjum verða EI30Cs. Þrjár flóttaleiðir eru af ganginum, þar af ein út undir bert loft. Hurðar opnast í flóttaleið og verða opnanlegar af ganginum án verkfæra

Úr rýmum efri hæðar eru fimm hurðar undir bert loft, minnst tvær flóttaleiðir eru úr hverju rými. Úr rýmum neðri hæðar eru tvær hurðar út undir bert loft, auk leiðar upp stiga í turni. Af útsvæði sem er aflokað með steypum veggjum eru þrjár óháðar flóttaleiðir.

Hvergi er lengra en 30 metrar í útgang eða annað brunahólf. Í megin flóttaleiðum og við útihurðir verða lýsandi leiðamerki tengd varaafgjafa. Neyðarlýsing verður samkvæmt grein 9.4.12 í byggingareglugerð.

Staðsetning handsökkvitækja og brunaslanga kemur fram á grunnmyndum. Merkjja skal staðsetningu þeirra með þar til gerðum merkingum. Slökkvitæki skulu vera samkvæmt grein 9.4.4 í byggingareglugerð, leiðbeiningum 165.BR1 og ÍST-EN3. Slökkvitæki í geymslu í kjallara skal vera kolsýrutæki, önnur tæki með léttvatni. Brunaslöngur á keflum skulu uppfylla ÍST-EN 671-1 og grein 9.4.5 í byggingareglugerð.

Komið verður upp sjálfvirku viðvörðunarkerfi með skynjurum sem henta í mannvirkinu. Stjórnstöð verður hjá starfsmanni í móttökurými á efri hæð. Útstöð verður í anddyri á neðri hæð. Neyðarbjalla er til staðar í móttöku.

Eigandi skal koma sér upp eigin eftirliti með brunavörnum til að tryggja sé að virkni þeirra sé eins og ætlast er til þegar á reynir. Gera skal þjónustusamning við viðurkenndan aðila um viðhald og eftirlit á viðvörðunarkerfi, handsökkvitæki og út-lýsingu.


Slökkvistöðvar í nágrenninu eru í Árnesi (17 km), á Flúðum (21 km) og á Selfossi (26 km).

SKÝRINGAR:


Málsetningar á afstöðumynd er í metrum. Aðrar málsetningar eru í mm. Hæðarkótar miða við að gólfkoti í búningsklefum efri hæðar sé K:0.00. Raunkóti er ekki þekktur.

ST	SLÖKKVITÆKI
BS	BRUNASLANGA Ø25 - 30m
BV	STJÓRNSTÖÐ VIÐVÖRUNARKERFIS
→	RÝMINGARLEID
ÚT	LÝSANDI LEIDAMERKI
NB	NEYÐARBJALLA


HÖNNUÐUR	<i>Sigurður U. Sigurðsson</i>
HÖNNUNARSTJÓRI	<i>Sigurður U. Sigurðsson</i>
SKEIDALAUÐ - VIÐBYGGING OG BREYTINGAR SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPI	
SIGURÐUR UNNAR SIGURÐSSON 290772-4279	VERKFRÆÐINGUR
AÐALUPPDRAÐTURTUR EFRÍ HÆÐ OG ÚTISVÆÐI GRUNNMYND OG BYGGINGARLÝSING	
HANNAÐ/TEKNAÐ: SUS/MA	DAÐS: 15.01.2024 Mkv: 1:100 3 A1 TEKN. NR: A01




GRUNNMYND NEDRI HÆÐ
Mkv 1:100



A1 SNID
Mkv 1:100




A2 SNID
Mkv 1:100




A3 SNID
Mkv 1:100


HÖNNUÐUR	<i>Sigrún U. Sigurðsson</i>
HÖNNUNARSTJÓRI	<i>Sigrún U. Sigurðsson</i>
SKEIDALAUG - VIÐBYGGING OG BREYTINGAR SKEIDA- OG GNÚPVERJAHREPPI	
SIGURÐUR UNNAR SIGURÐSSON 290772-4279	VERKFRÆÐINGUR
AÐALUPPDRÁTTUR NEDRI HÆÐ - VIÐBYGGING GRUNNMYND OG SNID	
HANNAÐ/TEKNAÐ: SUS/VMA	DAÐS: 15.01.2024
Mkv: 1:100 & A1	TEKNI. NR: A02











ÚTLIT VESTUR
Mkv. 1:100



ÚTLIT SUÐUR
Mkv. 1:100




ÚTLIT AUSTUR
Mkv. 1:100



HÖNNUÐUR	<i>Sigrún U. Sigrúnsson</i>
HÖNNUNARSTJÓRI	<i>Sigrún U. Sigrúnsson</i>
SKEIDAL AUG - VIBBYGGING OG BREYTINGAR SKEIDA- OG GNÚPVERJAHREPPI	
SIGURÐUR UNNAR SIGURÐSSON 290772-4279	VERKFRÆÐINGUR
AÐALUPPDRÁTTUR ÚTLIT EFTIR BREYTINGAR	
HANNAÐ/TEKNAÐ: SUS/VMA	TEKNI NR: A03

SKRÁNINGARTAFLA

Skráningartafla:		Skeiðalaug L166445		Prenta		Skrásetjari: Sigurður Unnar Sigurðsson		Kennitala: 290772-4279		Útgáfa: 5.00		Dags.: 16.4.2024										
Uppskipting og lýsing		D0	D1	D2	D3	D4	Stærðir		D5	D5M	D6	D7	D8	D9	D10a	D10b	D11	D12	D13	D14	D15	
Lokun	Rými hæð-róð	Notkun texti	Höfuð-flokkun	Eignar-hald	Botnflötur m²	Milliflötur m²	Stigar m²	Op m²	Brúttóflötur m²	Brúttóflötur sh < 1,8	Salarhæð min	Salarhæð max	Brúttó rúmmál m³	Nettóflötur m²	Birt flatarmál m²	Reiknitala skiptarúmmáls	Skiptarúmmál m³					
		Matshluti Botn				825.4	0.0	6.4	2.0	823.4	0.0			2,781.6	750.1	823.4		2,406.370				
	00	Neðri hæð				562.7	0.0	6.4	0.0	562.7	0.0			1,706.8	519.9	562.7						
A	0001	Lagna kjallari				188.5		2.0		188.5		2.08	2.46	412.5	163.0	188.5	2.19	356.970				
A	0002	Búningsklefar				109.0		4.4		109.0		2.16	6.02	317.9	91.7	109.0	2.92	267.764				
A	0003	Íþróttasalur				265.2				265.2		2.40	4.40	976.4	265.2	265.2	3.68	975.936				
	01	Aðal hæð				262.7	0.0	0.0	2.0	260.7	0.0			920.5	230.2	260.7						
A	0101	Skeiðalaug				262.7			2.0	260.7		3.12	4.14	920.5	230.2	260.7	3.50	805.700				
C	0102	Útisvæði				393.4				393.4												
Athugasemdir																						
Sameignir sumra																						
	Eignar-hald	Notkun texti	Y-eignarhald	Notkun texti	Reikni-regla	Eignarhlutur																
							Skiptarúmmál															
	Eignar-hald	Notkun texti	Birt flatarmál m²	Séreign m² án sameignar	Séreign og sameign m²																	
	0101	Skeiðalaug	823.4	2,406.370	2,406.370																	
		Alls	823.4	2,406.370	2,406.370																	
Botnplata																						
	Löö m²	Botnplata m²	Botnplata m²	Hjúppfletir	Úrveggir m²	Glugga- og dyraop m²	Þak m²	Þakgluggar og þakop m²	Efsti hæðarkóti	Ummál ofanjarðar												
Matshluti	71369	154.4	771.9	655.9	47.7	637.5	14.0	4.04	147.0													
Yfirlit																						
		D5 Botnflötur m²	D5M milliflötur m²	D7 op m²	D8 Brúttóflötur m² með V og F	D9 Brúttóflötur undir 1,8 m með V og F	D11 Brúttórámmál m²	D12 Nettóflötur m²	D13 birt flatarmál m²													
A rými		825.4		2.0	823.4		2,627.2	750.1	823.4													
Svalir A lokun																						
B rými																						
C rými		393.4																				
Fylgirými (F)																						
Afgangsrými (V)							154.4															
Botnplata																						
Samtals:		1,218.8	0.0	2.0	823.4	0.0	2,781.6	750.1	823.4													
Flatarmál nýtingarhlutfalls er A rými + B rými, undanskilið er brúttóflatarmál rýma með salarhæð lægri en 1,8 m, samkvæmt skipulagsreglugerð 2013 (breyting var gerð 2016). Notkun rýma hefur ekki áhrif á útreikning nýtingarhlutfalls.																						
Flatarmál til útreiknings nýtingarhlutfalls					823.4	Löö m²	71,368.6	Hlutfall	0.01													



HÖNNUDUR	<i>Sigurður U. Sigurðsson</i>
HÖNNUNARSTJÓRI	<i>Sigurður U. Sigurðsson</i>
SKEIDALAUG - VÍBÝGGING OG BREYTINGAR SKEIDA- OG GNÚPVERJAHREPPÍ	
SIGURÐUR UNNAR SIGURÐSSON 290772-4279 VERKFRÆÐINGUR	
AÐALUPPDRÁTTUR AFSTÖDUMYND OG SKRÁNINGARTAFLA	
HANNAÐ/TEKNAÐ: SUS/VMA	DAGS: 15.01.2024 Mkv: 1.500 á A1 TEKNI. NR: A04



ÁSÝND ÚR SUÐVESTRI



ÁSÝND ÚR SUÐAUSTRI

HÖNNUÐUR	<i>Sigrún U. Sigurðsson</i>
HÖNNUNARSTJÓRI	<i>Sigrún U. Sigurðsson</i>
SKEIDALAUG - VIÐBYGGING OG BREYTINGAR SKEIDA- OG GNÚPVERJAHREPPI	
SIGURÐUR UNNAR SIGURÐSSON 290772-4279	VERKFRÆÐINGUR
AÐALUPPDRÁTTUR ÁSÝND	
HANNAÐITEKNAÐ: SUSI/MAMAS	TEKNI NR: A05
DAGS: 15.01.2024	